


Stillingar: Liftmaster 800A/1000A

26. ENDAPUNKTAR STILLTIR

Færslupunktur segja til um punkta sem hurðin stoppar á þegar hún er opnuð eða lokað. Farðu eftir neðangreindu til að stilla þetta:

1. Ýttu á svarta takkann og haltu honum inni (1) þar til gult ljós kviknar (3) byrjar að blikka hægt og slepptu síðan.
2. Ýttu á svarta takkann og haltu honum inni (1) þar til hurðin nær ákjósanlegri opunarstöðu. Stilltu staðsetningu hurðarinnar með því að nota svarta (1) og appelsínugula takkann (2). Svarti takkinn færir hurðina upp, appelsínuguli færir hana niður.
3. Ýttu á takka á forritaðri fjarstýringu (4) eða ýttu á rofa á hurðastýringu sem fylgir opnarannum. Þetta stillir fulla opnun. Hurðin fer að gólfinu og til baka til efri stillingar. Opnarinn hefur lært endapunkta sína. **Ath hvort hurðin or nógu há fyrir bifreið þína. Stilltu nánar ef Þörf krefur.**
4. Ljós (3) hættir að blikka þegar opnarinn hefur lært Endapunkta sína.


Ath: Ef hurð opnast áður en hún kemur að gólfi farðu á #15 í leiðbeiningum “vandamál” kaflinn og farðu eftir leiðbeiningum. Til að stilla endapunkta handvirkt. **Kraftur verður að lærast til að hægt sé að klára stillingar.**



27. KRAFTUR STILLTUR

Kraftur við endalokun hurðarinnar má ekki vera meiri en 400N (40kg). Ef endalokunarkraftur er meiri en 400N verður að setja “Geisla” (Protector System) á hurðina (Sjá 29). Stilling á krafti ákvarðar kraft við opnun og lokun hurðarinnar.

1. Findu appelsínugula takkann (2).
2. Ýttu á appelsínugula takkann (2) tvisvar til að fara í stillingu á krafti. Ljós (3) blikkar hratt.
3. Ýttu á takka á forritaðri fjarstýringu (4) eða ýttu á rofa á hurðastýringu sem fylgir opnarannum. Hurðin lokast. Ýttu á fjarstýringu á ný (4) og hurðin opnast. Ljós (3) hættir að blikka þegar kraftur hefur verið lærður. Hurðin verður að opnast og lokast til að kraftur stillist rétt. Ef hurðin opnast ekki eða lokast að fullu ath þá hurðina til að sjá til hvort hún sé rétt stillt.



28. ÖRYGGISOPNUN HURÐARINNAR PRÓFAÐUR

Öryggisopnun hurðarinnar er mjög mikilvæg. Hurðin verður að Opnast við 40mm hlut sem er fyrir í lokun. Röng stilling á opnarar Getur haft í för með sér alvarleg slys við lokun hurðarinnar.


Endurtaktu prófun einu sinni í mánuði og stilltu opnarann ef Þörf er á því.

Hvernig á að prófa: Settu 40mm hindrun (1) á góflið. Lokaðu hurðinni. Hurðin verður að snúa til baka þegar hún lendir á hindrun. Ef hurðin Stoppar á hindrun taktu hana í burtu og endurtaktu stillingu (liður 26).

Endurtaktu síðan prófun.

Þegar hurð fer til baka þegar hún lendir á hindrun taktu hindrun í burtu Og prófaðu hurð (upp og niður). **Hurð má ekki snúa við** við lokun. Ef það gerist stilltu þá opnarann sbr liðir 26 og 27 og endurtaktu Prófun.

Settu 20kg á miðju hurðarinnar og ath hvort hurðin hreyfist meira en 500mm (hún á ekki að gera það).



Stilling á braut 20-25mm og 70-90mm (Sjá mynd)

